

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra,
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar, 2016

Efni: Ítrekun um svar vegna erindis LV frá 24. mars, 2015.

Hinn 24. mars sl. ritaði Landssamband veiðifélaga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bréf þar sem þess er krafist að Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi verði lokað fyrir eldi á frjóum laxi af norskum uppruna. Jafnframt var óskað eftir svari innan mánaðar. Hinn 20. apríl sl. barst svar ráðuneytisins þar sem segir; „Málið er nú til skoðunar í ráðuneytinu og er ákvörðunar að vænta á næstu mánuðum.“

Síðan eru liðnir rúmlega 7 mánuðir og enn hefur ekkert svar borist þrátt fyrir marg ítrekaðar óskir Landssambandsins um að málið hljóti afgreiðslu í ráðuneyti yðar. Þessi málsmeðferð ráðuneytisins er með öllu óásættanleg, þar sem nú liggur fyrir að fiskeldisfyrirtæki hafa hafíð undirbúning sjókvíaeldis á norska laxinum á báðum þessum svæðum.

Landssamband veiðifélaga hefur nú látið lögmann Landssambandsins skoða réttarstöðu veiðiréttareigenda með hliðsjón af samkomulagi allra hagsmunaaðila og ráðuneytis yðar frá árinu 1988 og vísað er til í erindi LV frá 24. mars. Í framhaldi þess er rétt að upplýsa ráðuneytið um að komi til þess að eldisleyfi verði gefin út á þeim svæðum sem um ræðir, mun Landssambandið leita til dómstóla svo hnekkja megi þeirri ákvörðun. Í þeim málaferlum verður m.a. byggt á fyrrgreindu samkomulagi enda ljóst að veiðiréttareigendur máttu hafa lögættar væntingar um að stjórnvaldið myndi efna meginefni þess, þ.e. að eldi á norskum laxi yrði ávallt takmarkað við landeldisstöðvar.

Verði gefin út leyfi til sjókvíaeldis á norska laxinum svo nærri verðmætum veiðiám eins og nú kann að stefna í að óbreyttu, verður að líta á slíkt sem mjög gróft brot stjórnvaldsins á fyrrnefndu samkomulagi.

Landssamband veiðifélaga telur með hliðsjón af framangreindu, að málsmeðferð ráðuneytisins á erindi LV frá 24. mars 2015 sé ámælisverð og ekki í samræmi við stjórnsýslulög eða góða stjórnsýsluhætti.

Er þess vænst að ráðherra taki ákvörðun í máli þessu eigi síðar en 15. febrúar 2016. Verði frekari dráttur á að efnislegt svar berist mun Landssamband veiðifélaga, að þeim tíma liðunum, vísa málsmeðferð ráðuneytis yðar til Umboðsmanns Alþingis

Virðingarfyllst,

Jón Helgi Björnsson, formaður LV